

31. ágúst 2019 | Aðsent efni | 716 orð | 1 mynd

Orkupakkinn og frétt mánaðarins

Eftir Tómas Ísleifsson

Eftir Tómas Ísleifsson: "Sögur ganga af nytsömum sakleysingjum á Alþingi Íslendinga. Þingmönnum sem hafi sagt: „okkur er sagt að þetta sé allt í lagi“."

Frétt mánaðarins er á vefslóðinni:

https://www.mbl.is/frettir/innlent/2019/08/18/hafa_sinnt_verkefnum_vegna_saestrengs/

Vefútgáfa Morgunblaðsins þ. 18.8. 2019:

„Hafa sinnt verkefnum vegna sæstrengs.“

Fréttin er um tvö íslensk almannatengslafyrirtæki, KOM og ATON, sem eru í vinnumennsku hjá erlendum fjárfestum, sem ætla að leggja sæstreng milli Íslands og Bretlands. Á heimasíðu breska fyrirtækisins Atlantic Superconnection (AS) er íslenskum fjölmiðlum vísað á Friðjón R. Friðjónsson hjá KOM. Ekki þarf að efast um ætlan hins erlenda fyrirtækis, því heimasíðan er prýdd með íslensku landslagi og textum um tilgang fyrirtækisins, þar sem segir m.a. að markmiðið sé að skila sjálfbærri, kolefnisorku frá Íslandi til Bretlands, eða „Our mission is to deliver sustainable, low carbon energy from Iceland to the UK through world-leading HVDC cable technology and energy infrastructure.“



Tómas Ísleifsson

Friðjón var áður aðstoðarmaður Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra.

Hitt fyrirtækið, ATON, hefur einnig tekið að sér verkefni fyrir erlenda fjárfesta vegna sæstrengs. Framkvæmdatjóri og annar eigandi er Ingvar Sverrisson. Hann var aðstoðarmaður tveggja ráðherra í ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna. Ingvar vildi ekki tjá sig um sæstrengsmál.

Hjá Aton starfar einnig Huginn Freyr Þorsteinsson, annar eigenda fyrirtækisins, hann var aðstoðarmaður Steingríms Joð árum saman. Hjá ATON er einnig Elías Jón Guðjónsson en hann var aðstoðarmaður Katrínar Jakobsdóttur, fyrrverandi menntamálaráðherra.

Það er allt lúsugt af aðstoðarmönnum eða fyrrverandi aðstoðarmönnum ráðherra í orkupakkamálinu. Hér hafa verið upp taldir fjórir. Við þá tölu má bæta lögmönnum Borgari Þór Einarssyni og Diljá Mist Einarsdóttur, sem bæði eru aðstoðarmenn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar utanríkisráðherra.

Borgar og Diljá ásamt sex öðrum lögmönnum, birtu þ. 19.6. 2019 grein „Um lagalega óvissu sem fylgir orkupakkanum“. Þar segja lögmennirnir m.a. að „hugarburður“ sé að óttast bótakröfur þeirra sem ekki fengju að leggja sæstreng.

Á eftirfarandi vefsíðu eru fullyrðingar um áralangar viðræður milli Breta og Íslendinga um sæstreng sem lesa má á þessari slóð:

<http://www.atlanticsuperconnection.com>Sætta Íslendingar sig við ofbeldi einkavæðingar, sem fær fjárstyrk frá ríkisvaldi? Ekki hef ég heyrt því mótmælt að afleiðingar sæstrengs yrði dýrara rafmagn á Íslandi.

Svo eru það ráðherrarnir og vinna aðstoðarmannanna sex. Það er augljóst mál að Bretarnir hafa lengi sótt á um lagningu sæstrengs. Málið hefur sennilega ratað á skrifborð nokkurra íslenskra ráðherra síðasta ártuginn – allavega sem vangaveltur. Greinilegt er að aðstoðarmenn, sumir, hafa heillast nóg, til að fá sér vinnu við að undirbúa lagningu strengsins.

Það eru auðvitað engin landráð þótt flottur ráðherra eins og Bjarni Benediktsson veiti svör í blaðaviðtali í The Telegraph þ. 23.6. 2018 og segir á þá leið að Íslendingar hvetji bresk stjórnvöld til að koma með tilboð í verð á rafmagni um sæstreng á milli landanna, eða: „Iceland's finance minister has called on the UK Government to offer a fixed energy price to enable plans for an undersea electricity cable between the two countries to move ahead.“

Hér eru aðeins kurteislegar ábendingar ráðherrans, ekkert afsal sjálfstæðis eða orkulinda. Það er svo annað mál hvað mikið af áætlunum eru tilbúið í tölvum í Bretlandi. Og með vitund ráðandi fólks á Íslandi.

Í veffrétt Morgunblaðsins frá Times kemur fram að samsteypan AS hefur lagt í 1,5 milljarða króna fjárfestingu vegna sæstrengs til Íslands. Áætlaður heildarkostnaður er um 377 milljarðar króna. Bretarnir yrðu ekki ánægðir með að 1,5 milljarðar ISK sé tapað fé.

Fyrir ári lýsti Bjarni Benediktsson yfir undrun sinni á þrýstingi ESB um að íslensk stjórnvöld innleiddu orkupakka 3. Árum saman stóð Steingrímur Joð vaktina gegn orkupökkunum. Nú eru þessir tveir valdamenn í forystu um innleiðingu pakkans. Hvað veldur breyttri stefnu þeirra?

Kannanir sýna að meirihluti landsmanna vill hafna orkupakka 3. Samt horfir í að Alþingi muni samþykkja pakkann. Það er undarlegt að valdamenn landsins skuli hafa svo einbeittan brotavilja gegn þjóð sinni. Hvað veldur? Er það ávinningur fárra?

Sögur ganga af nytsömum sakleysingjum á Alþingi Íslendinga. Þingmönnum sem hafi sagt: „okkur er sagt að þetta sé allt í lagi“. Ef satt er, hefur þetta fólk fyrirgert rétti sínum. Það er vandasamt að setja lög. Hver sá er á Alþingi situr þarf að leggja sig allan fram.

Í þessu máli þarf að leita upplýsinga um þau öfl, sem hafa áhrif á fjármál innan lands og erlendis. Notaðu allt sitt vit til að hugsa rökrétt. Leyfa sér að efast. Líka að efast um að ganga gegn þjóð sinni. Hvenær er refsivert að vera nytsamur sakleysingi?

Þau brot heimilda, sem hér hafa verið tilgreind og framganga Alþingis vekja grunsemdir. Eru einhverjir að selja auðlindir Íslands?

Höfundur er líffræðingur. linekra@simnet.is